

# Leikskólinn Laufásborg

## Náttúra og list í borgarumhverfi

-útikennsla og foreldrasamvinna í leikskólanum Laufásborg



Árið 2007 hóf leikskólinn Laufásborg formlegt þróunarsamstarf við Listasafn Íslands um skapandi starf og listir með börnum. Leikskólinn er nú á öðru ári í þessu samstarfi og hefur það gefist einstaklega vel en samstarfið felst í því að börnin heimsækja safnið og vinna þar ákveðin verkefni, fá fræðslu um myndlist og skoða nærumhverfi safnsins með listrænum gleraugum.



Einn tilgangur verkefnisins er að gera börnunum kleift að njóta þeirra náttúru sem borgarumhverfið býður uppá. Sumir sjá ekkert nema gráa steinsteypu í borginni en þegar betur er að gáð iðar borgin af lífi!





# Leikskólinn Laufásborg

## Náttúra og list í borgarumhverfi

-útikennsla og foreldrasamvinna í leikskólanum Laufásborg


Með tilkomu Dr. Kristínar Þorleifsdóttur landslagsarkitekts fékk hugmyndin um náttúrulegt útisvæði byr undir báða vængi. Foreldrar og starfsfólk hafa unnið ótullega að því að gera útisvæði Laufásborgar að náttúrulegum útileikvelli þar sem skapandi hugsun og leikur fær notið sín.




Starfsfólk og nemendur Laufásborgar hafa sótt myndlistarnámskeið í Myndlistarskólanum í Reykjavík og vettvangsheimsóknir á vinnustofur listafólks eru mikilvægur þáttur í listfræðslunni svo og innblæstri fyrir skapandi starf.



Útilistaverk á borð við verk Andy Goldsworthy sem börnin skoðuðu, eru endalaus uppspretta innblásturs og hugmynda fyrir skapandi starf barna á útisvæði.





# Leikskólinn Laufásborg

## Náttúra og list í borgarumhverfi

-útikennsla og foreldrasamvinna í leikskólanum Laufásborg



Framlag foreldra og kennara hefur verið ómetanlegt forsenda þess að svo mikill kraftur hefur verið í verkefninu. Foreldrar og starfsfólk hefur hjálpast að með hönnun útisvæðisins, þróun smiðjunnar góðu og fólk hefur nýtt fjölskylduferðir til þess að safna fjölbreyttum náttúrlegum efnivið fyrir útisvæðið.



Þróun útikennslu krefst ákveðinnar viðhorfsbreytingar meðal starfsfólks, foreldra og barna: „Úti er inni“. Skilin milli inni- og útisvæðis verða óljósari og leikurinn og efniviðurinn verða færanlegri og möguleikarnir þar með fleiri.

